

Nd.

**415. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við umreikning á tekjum og ákvörðun skatta af þeim samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skal miðað við vísitölu 315, á meðan lög þessi eru í gildi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð:

„Í 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eru settar sérstakar reglur um umreikning á tekjum manna og ákvörðun skatta af þeim, þannig að meðalvísitala skattársins er lögð til grundvallar téðum útreikningi.

Lög um dýrtíðarráðstafanir frá 1947, 12. gr., ákveða hins vegar, að ekki megi miða greiðslu verðlagsupphótar við hærri vísitölu en 300.

Meðalvísitala ársins 1948 varð 322.

Að óbreyttri löggjöf verður afleiðingin sú, að nota verður hærri vísitölu við umreikning og ákvörðun skatta en verðlagsupphótargreiðslur á árinu voru miðaðar við, en við það fá skattgreiðendur meiri ívilnun í skatti en ráðgert var, er framangreind breyting á skattalögum var gerð, og mun af þessu hljóttast alltilfinnanlegur tekjumissir fyrir ríkissjóð.

Hins vegar hefur verið talið rétt að fara þann milliveg, sem gert er ráð fyrir í frv., og reikna með sömu vísitölu og í fyrra, 315, en við það fá skattgreiðendur nokkra ívilnun í skatti, miðað við að reiknað væri með vísitölu 300.“

Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið.